

Helga Lís Þórðardóttir afhendir Hlédísi Guðmundsdóttur aðstoðarlækni visindastyrkinn. Milli þeirra er Úlfar Þórðarson, formaður spítalastjórnar Borgarspítalans. Ljósm. Mbl. RAX.

Vísindasjóður Borgarspítalans:

NÍU LÆKNAR HLUTU STYRKI

Í GÆR fór fram í Borgarspítalanum úthlutun úr Vísindasjóði Borgarspítalans. Er þetta í annað skipti sem úthlutað er visindastyrkjum úr sjóði þessum. Hlutu níu læknar styrki að upphæð alls tvær milljónir 750 þús. kr.

Borgarspítalinn er eini spítalinn á landinu sem hefur innan sinna vébanda slíkan sjóð. Markmið hans er að efla og styðja vísindalegar rannsóknir lækna við Borgarspítalann. Var sjóðurinn stofnaður árið 1964. Er heiti sjóðsins Vísindasjóður Borgarspítalans og var hann stofnaður til minningar um Þórð Sveinsson yfirlækni og Þórð Úlfarsson flugmann.

Við úthlutun vísindastyrkjanna í gær flutti Úlfar Þórðarson læknir, formaður spítalastjórnar Borgarspítalans, ávarp. Rakti hann stuttlega sögu Vísindasjóðsins og tilgang hans. Voru þar viðstaddir velflestir þeirra lækna, er sótt höfðu um framlag til sjóðsins, ásamt nokkrum gestum.

Gerði formaðurinn grein fyrir vísindalegum verkefnum, sem læknarnir ýmist vinna einir að eða fleiri saman og nú hlutu styrk úr sjóðnum. Læknarnir eru: Ásgeir Ellertsson, yfirlæknir, Bjarni Hannesson, sérfræðingur í heilaskurðlækningum, Guðmundur Oddsson, sérfræðingur í lyflækningadeild, Hlédís Guðmundsdóttir, aðstoðarlæknir, Kristján Jónsson, sérfræðingur á röntgendeild, Óskar Þórðarson, fyrrv. yfirlæknir, Sigurður Guðmundsson, aðstoðarlæknir, Stefán Jónsson, sérfræðingur á röntgendeild og Örn Smári Arnaldsson, yfirlæknir.

Helga Lís Þórðardóttir, flugfreyja, afhenti læknunum styrkina.

Að lokum flutti formaður læknaráðs Borgarspítalans, Kristinn Guðmundsson, heilaskurðlæknir, stutt ávarp og ræddi mikilvægi vísindastarfa innan sjúkrahúsa almennt og hve mikilvægu hlutverki Vísindasjóður Borgarspítalans hefði að gegna fyrir lækna spítalans og sjúklinga og álit spítalans útá við. Færði hann þakkir fyrir hönd læknanna.

Ísafoldarprentsmiðja:


100 ára á morgun

Ísafoldarprentsmiðja verður 100 ára á morgun, en 16. júní 1877 var fyrsta blað Ísafoldar prentað í eigin prentsmiðju, sem er talin stofnuð þann dag. Stofnandi Ísafoldarprentsmiðju var Björn Jónsson, ritstjóri, og í tilefni af aldarafmælinu kemur út bók um hann; Björn ritstjóri, sem Lýður Björnsson hefur samið.


Fljótlega hófst bókaútgáfa á vegum Ísafoldarprentsmiðju og kom Dýrafræði Benedikts Gröndals út strax fyrsta árið.

Björn Jónsson hafði yfirumsjón með öllu sem að prentsmiðjunni laut þar til hann varð ráðherra 1909, en vegna umsvifa hans á stjórnmálasviðinu lenti rekstur þentsmiðjunnar að verulegu leyti á herðum Sigmundar Guðmundssonar, yfirprentara. Þegar Björn varð ráðherra, tók Ólafur sonur hans við prentsmiðjunni og stjórnaði henni til dauðadags 1919. Þá var prentsmiðjan gerð að hlutafélagi og var Sveinn

Framhald á bls. 18



Björn Jónsson, ritstjóri, þingmaður og ráðherra, stofnandi Ísafoldarprentsmiðju. Í tilefni aldarafmælis fyrirtækisins kemur út bók um hann; Björn ritstjóri eftir Lýð Björnsson.



Magnús Finnsson

Blaðamannafélag Íslands:

Magnús Finnsson kjörinn formaður


MAGNÚS Finnsson, Morgunblaðinu, var var kjörinn formaður Blaðamannafélags Íslands á aðalfundi félagsins á Hótel Sögu á manudagskvöld. Aðrir í aðalstjórn voru kjörnir Friða Björnsdóttir, Tímanum, Bragi Guðmundsson, Vísi, Einar Karl Haraldsson, Þjóðviljanum, og Helgi H. Jónsson, útvarpinu, en í varastjórn voru kjörnir Atli Steinarsson, Dagblaðinu, Guðjón Einarsson, sjón-

Framhald á bls. 18

Hvergi heyrt þennan góða og dýrðlega tón nema hjá Pólýfónkórnum

Jón Þorsteinsson heitir ungur tenórsöngvari, sem verður einsöngvari í Magnificat J.S. Bach á tónleikum Pólýfónkórsins í Háskólabíói þjóðhátíðardaginn 17. júní en fer síðan með kórnum sem venjulegur kórfélagi í Ítalíuferðina þar sem kórinn syngur auk framangreinds verks Gloríu Vivaldis og Messías Händels, en brezkur tenórsöngvari hefur þá tekið við einsöngvarahlutverki Jóns.

„Jú, það má að mörgu leyti segja að ég sé hálfgerður uppeldissonur Pólýfónkórsins, en annars er það allt miklum tilviljunum háð hvernig ég leiddist út í það að fara að leggja sönginn fyrir mig," sagði Jón í samtali við Morgunblaðið. „Ég byrjaði



að syngja í Pólýfónkórnum í Matteusarpassíunni 1971, sem flutt var um páskana 1972. Þetta voru að vísu ekki alveg fyrstu kynni mín af kórsöng, því að ég hafði nokkru áður farið sem skiptinemi til Bandaríkjanna og sungið þar með skólakór í Messíasi. Þar söng ég að vísu bassa, enda var kórinn dálítið einkennilega skipaður — enginn tenór, því að við strákarnir vorum svo fáir að það varð að nota okkur alla í bassann. Svo að ég hafði ekki hugmynd um það hvar raddsvið mitt lá fyrr en ég fór að syngja með Pólýfónkórnum.

Jón var á þessum tíma ekkert á þeim buxunum að verða söngvari

Framhald á bls. 18

Rabbað við Jón Þorsteinsson tenórsöngvara sem syngur einsöng með Pólýfónkórnum 17. júní

Stærsti ullarvörusamningur við Bandaríkin hingað til

Iðnaðardeild Sambandsins boðaði til blaðamannafundar í gær til að tilkynna stærsta sölusamning á sviði útflutnings, sem Sambandið hefur gert við Bandaríkin hingað til. Er hér um að ræða samning á sérhönnuðum flíkum unnum úr Gefjunargarni og dúk, sem Sambandið mun selja til Bandaríkjanna á þessu ári fyrir um það bil 200 milljónir íslenzkra króna. En alls hljóðar ullarvörusamningur þessi upp á 280 milljónir króna eða 1 og ½ milljóna Bandaríkjadala og nær fram til ársins 1978.

Hér er um að ræða samning á fullunnum tízkufatnaði úr prjónlesi, úr *íslenzkri ull og ofnum* efnum frá Gefjun á Akureyri. Þó mun Sambandið ekki geta sinnt þeim skilyrðum að fullu og til að byrja með, munu efnin verða fullunnin úti, þar sem enn er ekki aðstaða til að sauma allar flíkurnar hér.

Verða þetta alls um fimmtíu þúsund flíkur, tíu tegundir af prjónafatnaði, svokallaðar peysukápur, ýmist í sauðalitum eða öðrum litum.

Umboðsfyrirtæki Sambandsins í Bandaríkjunum, Iceland Fashions Corporation í New York, hafði milligöngu um þessar sölur til fyrirtækisins Kinetic, sem hefur höfuðstöðvar í Montreal í Kanada en rekur víðtæk viðskipti í Bandaríkjunum og fleiri löndum. Aðaláherzla mun lögð á sölu í stórverzlunum af dýrari gerðinni í Bandaríkjunum, svo sem Sata, sem hefur sérstaka Íslandsdeild í New York.

Á þessu ári verða seldar prjónavörur fyrir um 140 milljónir ísl. króna, svo og kápuefni ofin af Gefjun fyrir sömu aðila að andvirði 100 milljónir ísl. króna og hefur þriðjungur þess magns þegar verið framleiddur.


Að sögn Hjartar Eiríkssonar, framkvæmdastjóra Iðnaðardeildar Sambandsins munu fjölmörg einkafyrirtæki víðs vegar um

Framhald á bls. 18



Ljósm.: Friðþjófur.

Sýningarstúlkur íklæddar nokkrum yfirhafnanna sem fara á Bandaríkjamarkað nú í haust og eru hannaðar af Þórsteini Gunnarssyni í samráði við fyrirtækið Kinetic, sem hefur höfuðstöðvar sínar í Montreal í Kanada.



„Fer frjálslega með landslagið"

Sigurður Thoroddsen sýnir á Kjarvalsstöðum

SIGURÐUR Thoroddssen verkfræðingur heldur nú sýningu á vatnslitamyndum í vestursal Kjarvalsstaða, en þessar myndir hefur Sigurður unnið í tómstundum sínum á löngu árabili. Sýningin verður opin daglega út þessa viku frá kl. 16—22 virka daga og 14—22 um helgina.

Vatnslitamyndir sínar hefur Sigurður málað ýmist á venjulegan vatnslitamyndapappír eða ýmsar gerðir af japönskum pappír, og einnig eru á sýningunni þrykkmyndir og teikningar.

„Ég mála fígúratíft," sagði Sigurður í samtali við Morgunblaðið, " og mest eru þetta landslagsmyndir en ekki þori ég að ábyrgjast að menn þekki aftur landslagið, því að ég fer nokkuð frjálslega með það."

Elsta mynd Sigurðar á sýningunni er frá 1912, máluð þegar hann var tíu ára og er þarna aðallega sem „kúríósum" eins og Sigurður segir sjálfur. Aðrar myndir eru málaðar á tveimur tímabilum — á árunum frá 1940—1953 og síðan aftur frá 1967 og fram til þessa árs, en á árunum þarna á milli lá þessi tómstundaiðja hans niðri —" þá sá maður ekki framúr verkefnum út af öllum þessum virkjunum."

Sigurður hætti hins vegar á verkfræðiskrifstofunni að miklu leyti fyrir tveimur árum og hefur þá í auknum mæli gefið sig að myndlistinni á nýjan leik, en hann segir þó að eftir sem áður sé myndlistin fyrst og fremst tómstundastarf.

Brendan á hægri ferð

MYNDATÖKUMENN frá tímaritinu *National Geographic* flugu í fyrradag yfir skinnbátinn Brendan og virtist þá allt vera í lagi um borð. Brendan var þá um 200 sjómílur frá strönd Labrador og hafði bátnum miðað lítið síðustu sólarhringa.